

38. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 17. febrúar 2003, kl. 11:00 til 14:00 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A Sigurðsson, Jóhannes Geir Gíslason, Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir og Sigurður Þórólfsson.

Þá var mættur Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, sem var sérstaklega boðaður til þessa fundar.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Guðríður tók til máls og óskaði Friðjóni til hamingju með 80 ára afmælið þann 5. febrúar sl. Hún færði honum gjöf fyrir hönd nefndarmanna og ritara.

Fundargerð 37. fundar

Fundarritari las upp fundargerð 37. fundar og var hún samþykkt.

Umhverfisstofnun

Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, tók til máls og kynnti verksvið Umhverfisstofnunar, stjórnskipulag umhverfismála og verkaskiptingu. Hann sagði frá því hverjir grunnþættir í stefnumótun stofnunarinnar eru og hvert hlutverk hennar muni vera.

Davíð greindi frá því að eftir tilkomu Umhverfisstofnunar sé það hlutverk Breiðafjarðarnefndar að vera ráðgefandi og það sé mikilsvert að hana skipi menn sem hafi góða þekkingu á Breiðafjarðarsvæðinu. Þá óskaði hann sérstaklega eftir góðri samvinnu við nefndina. Hann svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndarmenn bentu á að aðilar muni að öllum líkindum áfram leita til Breiðafjarðarnefndar með erindi er varða 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar og því sé nauðsynlegt að nefndin hafi beinan tengilið hjá Umhverfisstofnun. Davíð sagði að þar sem Guðríður sé starfsmaður stofnunarinnar sé hún nú þegar tengiliður milli hennar og nefndarinnar. Aftur á móti þurfi að huga að því hvernig þessum málum verði háttað í framtíðinni.

Bent var á að móta þurfi verklagsreglur fyrir Breiðafjarðarnefnd og Umhverfisstofnun.

Afgreiðsla: Ákveðið var að mótuð yrðu drög að verklagsreglum fyrir næsta fund.

Tekið var kaffihlé kl. 12:30.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.

Tekið var fyrir erindi Vegagerðarinnar frá 17. janúar 2003, þar sem óskað er eftir samþykki Breiðafjarðarnefndar fyrir framkvæmdum vegna vegagerðar um Kolgrafafjörð. Nefndarmenn bentu á að skilgreina þurfi betur endurheimt votlendis við framkvæmdir sem þessar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd samþykkti ofangreindar framkvæmdir fyrir sitt leyti. Jafnframt lítur Breiðafjarðarnefnd svo á að náma A sé utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og hafi nefndin því ekki lögsögu í málinu hvað hana varðar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ræddar voru hugmyndir nefndarmanna um ráðstöfun á fjárheimild upp á 3 milljónir króna, sem nefndinni var úthlutað á fjárlögum vegna lögbundinna verkefna.

Nefndin raðaði niður verkefnum í bréfi til umhverfisráðuneytisins þann 14. október 2002 og óskaði m. a. eftir fjármagni upp á 5 milljónir króna til skipulagsvinnu og 4 milljónir króna til verkefna skv. verndaráætlun.

Þórólfur lagði til að stöðuskýrslur um stöðu og umfang skráninga á menningarminjum og örnefnum og um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði verði unnar og að kortlögð verði tillaga að stækkun verndarsvæðisins.

Þá lagði hann til að nefndin sækji um til Byggðastofnunar fjármuni til að framfylgja markmiðum í verndaráætlun Breiðafjarðar.

Ævar greindi frá því að þær loftmyndir sem til eru af Breiðafirði væru af skornum skammti og að myndkort af Breiðafjarðarsvæðinu muni kosta u.þ.b. 5 milljónir.

Nefndarmenn voru sammála um að fjárheimildin verði notuð til að framfylgja verndaráætluninni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn samþykktu tillögurnar. Þórólfur tók að sér að gera drög að umsókn til Byggðastofnunar og senda nefndarmönnum til fullvinnslu. Ævar og Magnús tóku að sér að gera tillögu að efnisyfirliti stöðuskýrslna fyrir næsta fund.

Drög að starfsskýrslu 2002

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu ársins 2002.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt með smávægilegum breytingum.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.